Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

Jólaverslun 2011

og jólagjöfin í ár

RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

Jólaverslun 2011

Spá um jólaverslunina og jólagjöfina í ár

Skýrsluna unnu:
Emil B. Karlsson, Kári Joensen og Pálmar Þorsteinsson
Rannsóknasetri verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

Hönnun kápu:
Auglýsingastofan Einn tveir og þrír

Nóvember 2011

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega
beðnir um að geta heimilda.

Inngangur

Jólaverslun og afturhvarf til eldri gilda

Kaupmáttur hefur vaxið það sem af er þessu ári, greiðslukortavelta eykst og almennt er einkaneysla farin að þokast uppá við eftir hrun. Þetta sést meðal annars í aukinni veltu í verslunum eins og raftækjaverslunum og öðrum sérvöruverslunum sem urðu fyrir töluverðum samdrætti fyrst eftir hrun. Allt eru þetta vísbendingar um að jólaverslunin í ár verði meiri en á síðasta ári. Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar er að verslunin aukist um 2,5% frá síðustu jólum og að hver landsmaður verji tæplega 38.000 krónum til kaupa á vörum fyrir jólin umfram verslun aðra mánuði ársins.

Frekar iPad en Frið á jörðu

Í kjölfar hrunsins var því iðulega haldið fram að gildismat Íslendinga hefði breyst í þá átt að efnishyggjan hefði minnkað og samfélagsábyrgð aukist. Hér verður ekkert fullyrt um áreiðanleika þessa viðhorfsmats en samkvæmt nýrri bandarískri könnun virðist slík viðhorfsbreyting vera að ganga til baka þar í landi.

Rafrænu neytendasamtökin Consumer Electronics Association í Bandaríkjunum gera árlega könnun meðal Bandaríkjamanna á því hvað þeir óski sér helst í jólagjöf. Í fyrra var „friður á jörð og almenn hamingja“ efst á óskalistanum en í ár hefur neysluhyggjan tekið yfirhöndina. Samkvæmt könnun samtakanna fyrir þessi jól er „eitthvað nýtt í fataskápinn“ efst á óskalistanum, í öðru sæti er iPad spjaldtölva og kemur nýtt inná þennan árlega óskalista. Í þriðja sæti er fartölva og loks í fjórða sæti óskalistans fyrir þessi jól er „friður á jörð“.

Kannski má finna hliðstæðu þessa viðhorfs hér á landi. Alla vega benda niðurstöður könnunar bandarísku neytendasamtakanna til þess að aukning í jólagjafainnkaupum þar í landi verði tveimur prósentum meiri en í fyrra, sem er svipað því sem hér er spáð.

Emil B. Karlsson
Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar
Háskólanum á Bifröst

Jólaverslun 2011

Velta í jólaverslun eykst milli ára

Eftir lægð í smásöluverslun undanfarin ár hefur á árinu örlað á batamerkjum þó einstaka greinar verslunar hafi þróast á mismunandi vegu. Sé litið á þróun smásöluvísitölunnar má sjá að sala á varanlegum neysluvörum hefur tekið við sér á árinu, svo sem á raftækjum og húsgögnum, en fataverslun er þó enn í lágmarki. Stærsti einstaki liðurinn í smásöluverslun er dagvara og hefur hún aukist lítillega frá fyrra ári þó tekið sé tillit til verðbólguáhrifa. Því má ætla að í heildina hafi verslun aukist á milli ára.

Þrátt fyrir að margt bendi til þess að betur ári hjá kaupmönnum hafa ytri skilyrði verslunar farið nokkuð versnandi á árinu þar sem gengi krónunnar hefur veikst og verðbólga farið vaxandi. Á móti hefur kaupmáttur launa aukist, lett hefur verið á skuldum margra heimila og almennt má segja fólk horfi nú til betri tíma.

Síðustu þrjú ár hefur velta jólaverslunar dregist saman að raunvirði. Mestur var samdrátturinn árið 2008 eða um 19% að raunvirði. Á síðasta ári var samdrátturinn kominn niður í tæp 3%. Batinn hefur því verið stöðugur en hægur. Það er spá Rannsóknaseturs verslunarinnar að jólaverslunin aukist um 2,5% að nafnvirði. Mælt á raunvirði muni velta aftur á móti minnka um 2,0% vegna verðlagsáhrifa.

> Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslunin aukist um 2,5% að nafnvirði frá fyrra ári. Jafnframt að velta minnki að raunvirði um 2,0% sökum verðlagshækkana.

Ýmis teikn eru á lofti sem benda til þess að jólaverslunin geti hugsanlega orðið meiri en spá Rannsóknasetursins gerir ráð fyrir. Þannig hefur orðið veruleg aukning í kortaveltu milli ára og væntingavísitala Gallup var 66% hærri í október síðastliðnum heldur en í sama mánuði í fyrra. Meginforsendur spár Rannsóknaseturs verslunarinnar er hins vegar raunveruleg veltuþróun smásöluverslunar það sem af er árinu.



Því er spáð að velta verði meiri í ár en í fyrra.

Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2011 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.

Á undanförnum árum hefur mátt greina nokkrar breytingar á neyslumynstri þar sem meiri hagkvæmni og ráðdeild ríkti í innkaupum heimilanna en fyrir hrun efnahagskerfisins. Gera má ráð fyrir að það viðhorf sé að einhverju leyti enn til staðar en aukning í sölu varanlegra neysluvara bendir þó til þess að viðsnúningur sé hafinn og neysla þokist nú að einhverju leiti nær því sem hún var fyrir hrun.

Hver Íslendingur ver að jafnaði um 38.000 kr. til jólainnkaupa

Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar er sú að velta í smásöluverslun í nóvember og desember verði um 59,6 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breytilegu verðlagi um 2,5% milli ára.

> Ætla má að verslun vegna jólanna (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði tæplega 13,6 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 37.769 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Þó jólainnkaupin verði eilítið minni að raunvirði en í fyrra er áætlað að um 2,5% aukning verði í krónum talið vegna þeirra verðhækkana sem hafa átt sér stað. Eins og fram kemur á skýringarmyndinni hér fyrir neðan jókst velta jólaverslunar um tæplega 650 milljónir að nafnvirði á síðasta ári miðað við árið á undan þó samdráttur hafi orðið að raunvirði. Gerð er ráð fyrir um 1,5 milljarða króna aukinni veltu jólaverslunar á þessu ári miðað við jólaverslunina í fyrra.

		Dagvörur	Sérvörur	Smásala alls
Heildarvelta nóv. og des.	*m.kr.*	28.250	41.279	**69.529**
- á mann	*kr.*	88.389	129.152	**217.541**
Þar af verslun vegna jóla	*m.kr.*	5.519	8.064	**13.584**
- á mann	*Kr.*	15.346	22.423	**37.769**

Áætluð velta í smásöluverslun í nóv. og des. 2011 með vsk.



Að raunvirði dregst velta minna saman í ár en árin á undan.

Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2011 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

Jólagjöfin í ár

Jólagjöfin í ár er tímanna tákn. Gjöf sem leiðir notandann inn í nýja heima upplýsingatækninnar og nýtur mikilla vinsælda hjá öllum aldurshópum. Þrátt fyrir að jólagjöfin í ár sé heldur dýrari en undanfarin ár var það mat sérskipaðs hóps neyslu- og neytendafrömuða að jólagjöfin í ár væri þessi:

Jólagjöfin í ár er „spjaldtölva“

Rökstuðningur dómnefndar er að spjaldtölvan höfði til fólks á öllum aldri, allt frá ungum börnum til ömmu gömlu og afa. Ástæðan er að spjaldtölvan er fyrirferðalítil með snertiskjá sem gerir hana einkar auðvelda í notkun. Spjaldtölvan uppfyllir kröfur notenda um að vera alltaf tengdur við netið og geta þannig nýtt sér samskipti gegnum samfélagsmiðla og símatengingar. Hún veitir nýja möguleika á leikjum, að hlusta á tónlist og stunda aðra dægradvöl. Þá eru rafbækur í spjaldtölvum mjög að ryðja sér til rúms og nýir notkunarmöguleikar eru kynntir daglega. Spjaldtölvur má bæði nota í leik og starfi.

Sem dæmi um vinsældir spjaldtölvunnar er að fullt er út úr dyrum á notendanámskeiðum sem einn helsti söluaðila þeirra hér á landi heldur reglulega. Þar er samankomið fólk á öllum aldri og af öllum gerðum og stærðum.

Spjaldtölvur eru dýrar og því má gera ráð fyrir að jólagjöfin í ár verði að þessu sinni gjöf til allrar fjölskyldunnar eða fleiri sameinist um eina gjöf. Töluverð aukning hefur orðið í sölu á raftækjum að undanförnu og velta rafrækjaverslana hefur verið mun meiri það sem af er þessu ári en síðastliðin tvö ár. Þetta gefur vísbendingu um að landsmenn séu að taka við sér og séu tilbúnir að endurnýja tæknibúnað fjölskyldunnar.

Þær forsendur sem hafðar voru að leiðarljósi við val á *jólagjöfinni í ár* voru þessar:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða hefur vakið endurnýjaðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum

Mynd 1: Spjaldtölvur eru til margra hluta nytsamlegar. Myndin er eign Apple.

Dómnefndin

Mynd 2: Dómnefndin sem valdi jólagjöfina 2011

Dómnefndina skipuðu (frá vinstri á mynd):

- Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsráðgjafi
- Ingibjörg Magnúsdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna
- Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf.
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Mikill fjöldi hugmynda að jólagjöfum ársins bárust frá nemendum og velunnurum Háskólans á Bifröst. Nokkrir þeirra nefndu spjaldtölvu og var eitt nafn þeirra dregið út. Nafn **Stefaníu Huldu Marteinsdóttur** varð fyrir valinu og fær hún að launum gjafakort.

Jólagjöfin í ár og fyrri ára

2011: Spjaldtölva

2010: Íslensk lopapeysa

2009: Jákvæð upplifun

2008: Íslensk hönnun

2007: GPS staðsetningatæki

2006: Ávaxta- og grænmetispressa

Helstu niðurstöður

- Spáð er að jólaverslunin aukist um 2,5% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum er spáð samdrætti um 2% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta smásöluverslana í nóvember og desember verði tæplega 60 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali 38.000 kr. til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er: „Spjaldtölva“

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunarfyrirtækja í landinu.

RANNSÓKNASETUR VERSLUNARINNAR

Háskólinn á Bifröst • 311 Borgarnesi • Sími 433 3000 • www.rsv.bifrost.is

Gefið út í nóvember 2011